

1871.
30. júní.

Hèðan er hún send fjárhagsstjórninni með meðmælingu vorri til úrskurðar, og í bræfi 26. þ. m. hefir nú fjárstjórnin tilkynnt dómsmálastjórninni, að ekkert sè því til fyrirstöðu, að tæð póstskep á þeim tveimur ferðum milli Íslands og Danmerkur, sem nú eru fyrir höndum, og byrja hëðan 5. júlí og 12. ágúst þ. á., komi við á Berufirði, bæði á leiðinni til Íslands og hingað aptur, og að þær ráðstafanir sè gjörðar, sem með þarf í þessu efni.

3. júlí.

64. Brëf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um samlagning brauða í Dala-prófastsdæmi.

Eptir að hingað hafði borizt brëf yðar, herra stiptamtmaður og yðar, háæruverðugi herra, dagsett 29. desbrm. f. á., hefir hans hátign konunginum samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar þóknazt 30. f. m. allramildilegast að fallast á: að Kvennabrekku og Stóra-Vatnshorns sóknir¹ í Dala prófastsdæmi í vesturumdæmi Íslands verði lagðar saman við Sauðafells og Snóksdals sóknir² í sama prófastsdæmi til eins brauðs, sem skal heita Suður-Dala prestakall;

að kirkjan á Kvennabrekku verði lögð niður;
að skróði og önnur áhöld kirkjunnar falli til Sauðafells kirkju, en að allt annað og sjálf kirkjan verði seld, og kaupverðið ásamt með núverandi portjón kirkjunnar gangi til Sauðafells kirkju, allt með því skilyrði, að eigandi þessarar kirkju takist á hendur, að byggja hana upp sæmilega af timbri, og svo rúmgóða, að hún nægi bæði handa Sauðafells söfnuði og þeim hluta af Kvennabrekku söfnuði, sem hèreptir kemur til Sauðafells sóknar, og jafnframt skuldbindi sig og þá, sem á síðan eignast kirkjuna, til að halda henni við á eiginn kostnað, og að endingu að jörðin Kolsstaðir, sem er eign Kvennabrekku kirkju, verði lögð til prestakallsins;

¹) Kvennabrekku prestakall.

²) Miðdala þing.

1871.

3. júlí.

að Kvennabrekkusókn hér eptir verði lögð sum til Sauðafells sóknar og sum til Stórvatnshorns sóknar, þannig, að jarðirnar Þorsteinstaðir ytri, Þorsteinstaðir fremri, Kaldakinn, Skógsmúli og Vatn skuli heyra til hinnar síðar nefndu sóknar, en hinn hlutinn af Kvennabrekkusókn til Sauðafellssóknar,

að hér eptir skuli halda guðsþjónustugjörð á víxl þriðja hvern helgan dag á Stórvatnshorni, Sauðafelli og Snóksdal, og að það skuli falið stíptsyfirvöldunum á Íslandi á hendur, að gjöra þær ráðstafanir, sem þarf til þess að koma þessu fram.

Þetta gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það.

65. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stíptsyfirvaldaanna á Íslandi, um sameining Saurbæjar í Eyjafirði við Miklagarð og Hóla.

4. júlí.

Eptir að hingað hafði borizt bréf yðar, herra stíptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, 11. apríl þ. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar, þóknazt 30. f. m. allramildilegast að fallast á:

að sameina megi Miklagarðs og Hóla sóknir í Eyjafjardarsýslu í norður- og austurumdæminu við Saurbæjar prestakall,

að leggja lénsgjörðina Velli, sem fylgir Saurbæjarbrauði, til Miðgarða prestakalls í Grimsey, og að presturinn í hinu sameinaða Saurbæjar- Miklagarðs- og Hólabrauði greiði sex fjórðunga (60 pund) af smjöri á ári til sóknarprestsins í Grimsey; skal prófasturinn í Eyjafjardarsýslu heimta gjald þetta, og hafa jafnframt byggingarráð og umsjón yfir jörðunni Völlum,

að hið sameinaða Saurbæjar- Miklagarðs- og Hólabrauð skuli, þangað til nýtt brauðamat fer fram á Íslandi, talið með betri meðalbrauðum (2. flokki) og metið 618 rd. 62 sk., og skal til ekkjunnar í brauðinu greiða $\frac{1}{10}$ part af hinum föstu tekjum